



## Fundargerð aðalfundar, 30. nóvember 2021

Fundur var settur í íþróttamiðstöð GKG kl. 20:00, fimmtudaginn 30. nóvember 2021. Fundurinn var rafrænn enn og aftur sökum Covid 19 faraldursins. Fundurinn var sendur út beint í gegnum Facebook og því til í rafrænum gögnum klúbbsins.

Mættir á staðinn voru stjórnarmenn, framkvæmdarstjóri og aðrir sem tóku þátt í fundinum. Félagsmenn gátu svo fylgst með fundinum á netinu og voru u.þ.b. 122 sem fylgdust með á netinu þegar flest var. Einnig voru u.þ.b. 10 félagsmenn sem ekki tóku þátt í fundinum mættir í klúbbhúsið og fylgdust með á staðnum.

Formaður, Guðmundur Oddsson, setti fundinn og skikkaði Agnar Jónsson sem fundarstjóra því sökum ástandsins var ekki hægt að kjósa eins og fundarsköp gera ráð fyrir.

Fundarstjóri tók fram að boðað hefði verið til fundarins með auglýsingu á heimasíðu þann 11. nóvember. Með því væri fundurinn lögmaður skv. 11. gr. sbr. 2. mgr. 8. gr. laga GKG og þar með bær til þeirra ákvarðana sem fyrir honum liggja. Fundurinn var að auki auglýstur á fésbókarsíðu GKG og auglýsing send í tölvupósti til félagsmanna. Í framhaldi skipaði Agnar Ragnheiði Stephensen sem fundarritara.

Því næst var gengið til auglýstrar dagskrár.

- Formaður gerði grein fyrir skýrslu stjórnar um störf og framkvæmdir á liðnu starfsári og ræddi hvað væri í vændum á næstu misserum. Mögulega erum við að fara hraðari inn í komandi framkvæmdir en gert var ráð fyrir því teikn eru á lofti um að Garðabær sé að framkvæma aðeins hraðar en upphaflega var gert ráð fyrir. En það kemur allt í ljós á næstunni og allt verður þetta gert í góðri samvinnu við okkur. Búið er að óska eftir að klúbburinn fái Íslandsmótið 2024 (á afmælisári klúbbsins) og er það hlutverk nýrrar stjórnar GSÍ að ákveða hvort orðið verði við þeirri ósk. Ánægjulegt að klúbburinn er fullur og biðlisti í hann (eins og aðrar klúbba á höfuðborgarsvæðinu). Ekki ætlunin að fjölga meðlimum því markmiðið er að í GKG sé hægt að fá rástíma fyrir klúbbmeðlimi því öll erum við í þessu til að spila golf.
- Úlfar Jónsson, íþróttastjóri GKG, kynnti störf og árangur íþróttasviðs. Stærsti sigurinn var vafalaust tvöfaldur Íslandsmeistaratitill á Íslandsmóttinu í högggleik. Eins eignuðumst við Íslandsmeistara í 18. ára og yngri sveitakeppni drengja og Íslandsmeistara 15-16 ára drengja. Yngstu sveitirnar okkar stóðu sig líka vel tvö gull hjá stelpunum og góður árangur líka hjá strákonum. Stærsta umbunin fyrir klúbbinn er samt að barna og unglíngastarfið sé að ala upp góða framtíðarkylfinga og líka góða einstaklinga og verður það alltaf aðal markmiðið.
- Sigurður Kristinn Egilsson, formaður vallanefndar, kynnti því næst framkvæmdir ársins á vellinum og væntanlegar framkvæmdir. Mikið búið að laga í kringum teiga með tröppum og kantsteinum. Einnig búið að endurmerkja alla teiga með nýrri merkingu festa á holtagrjót. Búið að dreina vel Leirdalsvöllinn og hefur sú framkvæmd tekist nokkuð vel. Búið að taka margar glompur í gegn og áætlun um að halda þeirri framkvæmd áfram. Málinu til stuðnings voru sýndar myndir á glærusýningu sem sýndu svæði á vellinum bæði fyrir og eftir framkvæmdir. Af Mýrinni er það helst að fréttu að nýr fremsti teigur verður gerður fyrir 5. braut ásamt því að hugsa um almenna umhirðu vallarins.
- Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu fjármála og rekstur klúbbsins í ár. Staða klúbbsins hefur aldrei verið betri og er það gott enda mikið fram undan í framkvæmdum við vellina okkar. Einhverjir liðir undir áætlun (yfirlétt er skýringin Covid19). Töluverðar afskriftir í ár. Erum alltaf að leita leiða í að bæta rekstrarumhverfið með einföldum á kerfum sem við nýtum. En staðan sem sagt góð í heildina. Svigrúm var gefið til að senda inn fyrirspurnir um fjármálin í gegnum Facebook. Engar spurningar bárust.
- Þá fór framkvæmdarstjóri yfir ársreikninginn. Engar fyrirspurnir komu inn um ársreikninginn.
- Að því loknu voru endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykkis og gefin tími til að senda inn athugasemdir á netinu. Engar athugasemdir bárust og því teljast reikningarnir samþykktir.



- Framkvæmdastjóri kynnti rekstrar- og fjárfestingaáætlun komandi starfsárs. Árgjald næsta árs var kynnt. Árgjaldið helst í hendur við neysluvísitölu og hækkar verðið eftir henni. Innifalið í árgjaldinu eru eins og í fyrra tveir hálf tímar í golfhermum.
- Stjórn lagði til breytingar á lögum GKG. Um er að ræða 8. grein. En breytingin er sú að aðalfundur þarf að kynna fyrir félagsmönnum með tveggja vikna fyrirvara í stað einnar viku.
- Símon Kristjánsson formaður kjörnefndar kynnti framboð til formanns og fjögurra stjórnamanna. Þeir sem voru í framboði voru sjálfkjörnir því framboð voru jafn mörg og sæti í boði. Guðmundur Oddsson var einn í framboði til formanns og í framboði til sætis í stjórn voru Ásta Kristín Valgarðsdóttir, Berglind Jónasdóttir, Sigurður Kristinn Egilsson og Tinni Jóhannesson. Guðmundur, Ásta Kristín og Sigurður voru hluti af fyrri stjórn en hin tvö koma ný inn í stjórnina.
- Ágúst Jóhannsson, KPMG, var kosinn endurskoðandi án andmæla.
- Önnur mál
  - Framkvæmdarstjóri kynnti niðurstöður viðhorfskönnunar. Þátttaka í könnuninni er mjög góð. Samt vantar að ná betur til yngstu kynslóðarinnar. Niðurstöður könnunarinnar verða að teljast góðar þegar á heildina er litið og félagsmenn almennt ánægðir í GKG og annað sem ekki er eins mikil ánægja með nýttist inn í starfið til að gera betur.
  - Afhending verðlauna og viðurkenninga fór fram í umsjá formanns og íþróttastjóra, en aðeins var veitt ein viðurkenning sökum Covid 19, sem var háttvísibikarinn, því ákveðið var að bíða með önnur verðlaun og viðurkenningar þar til höftum linnir.
    - Háttvísi bikarinn 2021 fékk Jón Þór Jóhannsson fyrir fyrirmyndar frammistöðu, háttvísi og vilja til að taka framförum og vera iðinn við golfið, vera sömuleiðis mikill leiðtogi, alltaf til í að axla ábyrgð og taka að sér hlutverk fyrir klúbbinn.
  - Ein spurning kom í gegnum vefinn í önnur mál og var sú spurning hver ástæðan væri að verið væri að skipta um vert. Framkvæmdarstjóri svaraði spurningunni á þann vega að samstarf byrjaði á einhverjum tímamarki og á einhverjum tímamarki lyki því og sú staða væri uppi núna.
  - Engin önnur mál voru á dagskrá og afhenti fundarstjóri ný endurkjörnum formanni orðið. Formaður þakkaði endurtekið traust í sinn garð og sagði nokkur góð orð áður en hann sleit fundi.

Fundi slitið klukkan 21:50